

16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heiluspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fókheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánnum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkvæmt b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., lög nr. 45 12. júní 1958, um breyting á þeim lögum, lög nr. 56 4. apríl 1962, um breyting á sömu lögum, og lög nr. 18 23. maí 1964, um breyting á sömu lögum.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

23. apríl 1965.

Nr. 20.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 26. gr. laganna orðist svo:

Íðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygg-

inganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. málsg. 72. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á grunnkauptaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Uppbót þessi skal greidd með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1965.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.